



Ný stjórn LR kjörin á aðalfundi

Læknafélag Reykjavíkur hélt árlegan aðalfund sinn í Hlíðasmára 8 fimmtudaginn 24. maí. Dagskrá var að hefðbundnum sið aðalfundar og að lokinni skýrslu formanns voru reikningar skoðaðir og samþykktir og síðan gengið til stjórnarkjörs. Þar voru tveir nýir stjórnarmenn sjálfkjörnir en úr stjórn gengu Michael Clausen varaformaður og Friðný Jóhannesdóttir gjaldkeri. Á myndinni gefur að líta hina nýju stjórn en á henni eru frá hægri gjaldkeri Jörundur Kristinsson heimilislæknir, formaður, Steinn Jónsson lungna-sérfræðingur, meðstjórnandi, Ebba Margrét Magnúsdóttir kvensjúkdóma- og fæðingalæknir, varafor- maður, Reynir Arngrímsson erfðasjúkdómalæknir og ritari og Jón Gunnar Hannesson heimilislæknir. Áheyrnarfulltrúi Félags almennra lækna er Ómar Ingi Emilsson.

LISTAMAÐUR MÁNAÐARINS

Á opnun Listahátíðar í maí var mikið um að vera í mynd- listarlífinu. Sýningin stóra, (*Independent People*, teygði sig víða um bæ og undir hatti hennar voru margir sjálf- stæðir viðburðir. Listatímaritið *Endemi* kom út í þriðja sinn og sett var upp sýning á verkum listamanna blaðsins í Myndhöggvarafélaginu á Nýlendugötu. Þar í kjallara leyndist meðal annars pappírverk **Jónu Hlífar Halldórs- dóttur** (f. 1978) sem sjá má á farsíðu *Læknablaðsins*. Sama dag og sýningin opnaði fékk fjöldi manns nafnlaus smá- skilaboð í farsímana sína þar sem lesa mátti sömu setningu og í textaverkinu, „Yellow is the new black“, skilaboð send 19. maí, 2012, kl 14:25. Skilaboð Jónu Hlífar ferðast um einka- og almennings- rými, ýmist eins og leynileg orðsending, dulmál, auglýsing, upphrópun eða slagorð. Innihaldið er torskilið út af fyrir sig því listamaðurinn gefur áhorfendum ekkert haldreipi að styðjast við og þá fær- ist áherslan á þær aðferðir sem hún beitir. Tenging vaknar við kenningar um eðli list- og fjölmiðla og samhengið á milli þeirra og upplýsinganna sem í þeim felast. Við

greinum jú texta á ólíkan máta eftir því í hvaða samhengi hann er birtur, í dagblöðum, auglýsingum, persónulegum samskiptum og þar fram eftir götunum. Jóna Hlíf hefur

undanfarin ár sett fram textaverk á fjöl- breyttan máta og sýnir viðamikil verk í Hafnarhúsinu um þessar mundir í sam- starfi við Hlyn Hallsson. Hún sker bók- stafina gjarnan út í pappír eða annað efni þannig að textinn, sem sóttur er víða að, öðlast efniskennnd og verður að skúlptúr eða lágmynd. Í tilviki þess verks sem hér um ræðir leynist gulur litur á bak við svartan – þegar skorið er í svarta pappírinn kemur sá guli í ljós, rétt eins og textinn sjálfur segir til um. Verkið virðist því hverfast algjörlega um sjálf sig þótt orðaval minni á tungutak tiskuhönnuða sem leggja línurnar fyrir okkur neytendur. Það er sett fram á vor- dögum þegar sólarljósið sigrar skamm- degið og þannig mætti túlka setninguna á mun ljóðrænni máta, en Jóna Hlíf lætur okkur áhorfendum eftir að leggja eigin skilning í verkið.

Markús Þór Andrésson



Ljósmynd: Hugi Hlynsson